

VINNUMARKAÐURINN Á ÍSLANDI

Yfirlit, horfur og þjónusta Vinnumálastofnunar – September 2021

Skráð atvinnuleysi lækkar í 5,0% í september

Skráð atvinnuleysi var 5,0% í september og lækkaði úr 5,5% í ágúst. Atvinnuleysi er nú jafn mikið og í febrúar 2020 og má því segja að þessi atvinnuleysis toppur vegna faraldursins sé liðinn hjá. Alls fækkaði atvinnulausum að meðaltali um 1.167 sem nemur rúmlega 10% fækkun atvinnulausra frá ágústmánuði.

Atvinnulausir voru alls 10.428 í lok september, 5.726 karlar og 4.702 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 432 frá ágústlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 639. Af þeim 1.071 atvinnulausu sem fækkaði á atvinnuleysissskrá í september fóru ca. 450 á ráðningarstyrk, hins vegar bættust um 1.600 nýir atvinnuleitendur við í september.

Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum eða 9,1% og minnkaði úr 9,7% í ágúst. Næst mest var atvinnuleysið 5,4% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 6,1% frá því í ágúst.

Vinnumálastofnun spáir því að atvinnuleysi muni lítið breytast í október og verða á bilinu 5,0% til 5,3%.


Alls höfðu 4.598 atvinnuleitendur verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september og fækkaði um 485 frá ágúst. Hins vegar voru þeir 3.274 í septemberlok 2020.

Alls komu inn 709 ný störf sem auglýst voru í vinnu-miðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfín voru stjórnunar og sérfræðistörf eða 201 starf.

Alls voru 4.144 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fækkaði um 348 frá ágúst eða að meðaltali um 8% frá ágúst.

Í september gaf Vinnumálastofnun út 225 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi.


Próun atvinnuleysis feb. 2020 til sept. 2021



Atvinnuástand eftir landshlutum


Atvinnuleysi var mest á Suðurnesjum í september eða 9,1% og minnkaði úr 9,7% í ágúst. Næst mest var atvinnuleysið 5,4% á höfuðborgarsvæðinu og lækkaði úr 6,1% frá því í ágúst. Minnst var atvinnuleysi í september á Norðurlandi vestra 1,7%, á Austurlandi 1,9% og 2,3% á Vesturlandi. Hlutfallslega dró mest úr atvinnuleysi á höfuðborgarsvæðinu og á Suðurlandi eða 11% til 12% að jafnaði. Á Vestfjörðum var breytingin óveruleg svo og á Austurlandi. Á landsbyggðinni minnkaði atvinnuleysi um 7% að jafnaði.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir landshlutum í ágúst og september.



Atvinnuleysi er lægra meðal kvenna en karla á tveimur svæðum, á höfuðborgarsvæðinu þar sem það er 5,6% meðal karla og 5,2% meðal kvenna. Á Norðurlandi vestra var atvinnuleysi karla 2,3% og atvinnuleysi kvenna 0,9%. Á Suðurlandi var munurinn á atvinnuleysi karla og kvenna mestur eða 3,9% atvinnuleysi hjá konum og 2,5% atvinnuleysi hjá körlum.

Á meðfylgjandi mynd má sjá atvinnuleysi eftir kyni og landshlutum í september.



Greining atvinnuleysis

Greining þeirra sem voru atvinnulaus í lok mánaðar

Atvinnulausir voru alls 10.428 í lok september, 5.726 karlar og 4.702 konur og fækkaði atvinnulausum körlum um 432 frá ágústlokum og atvinnulausum konum fækkaði um 639.

Alls voru 995 atvinnuleitendur á aldrinum 18-24 ára án atvinnu í lok september og hefur þeim fækkað um 102 frá ágúst 2021 svo og fækkað um 926 frá september 2020 þegar fjöldi atvinnulausra á þessu aldersbili var 1.921.

Lengd á skrá

Alls höfðu 4.598 verið án atvinnu í meira en 12 mánuði í lok september og fækkaði um 485 frá ágúst. Hins vegar voru þeir 3.274 í septemberlok 2020.

Þeim sem hafa verið atvinnulausir í 6-12 mánuði fækkaði talsvert frá ágúst eða um 580 og voru 2.304 í lok september en 2.884 í lok ágúst. Í september 2020 var þessi fjöldi 5.143.

Atvinnugreinar og starfsstéttir

Atvinnulausum fækkaði í öllum atvinnugreinum í september 2021 frá mánuðinum á undan, meðal stærstu atvinnugreina fækkaði mest í ferðatengdri starfsemi (ferðaþjónustu ýmiss konar, gistiþjónustu og veitingaþjónustu) eða á bilinu 12% til 14% og í menningartengdri starfsemi um 15% milli mánaða. Í flestum öðrum atvinnugreinum var fækkun atvinnulausra á bilinu 4% til 8%.


Að því er varðar fjölda atvinnulausra eftir starfsstéttum þá fækkaði atvinnulausum frá ágústlokum mest í þjónustu- og sölustörfum og meðal sérmenntaðra eða á bilinu 10% til 12%. Meðal flestra annarra starfsstétta var fækkunin 7%-9%.

Atvinnulausir erlendir ríkisborgarar

Alls voru 4.144 erlendir atvinnuleitendur án atvinnu í lok september og fækkaði um 348 frá ágúst eða að meðaltali um 8% frá ágúst. Mesta hlutfallslega fækkun atvinnulausra frá ágúst var meðal atvinnulausra erlendra ríkisborgara í veitinga og gistiþjónustu eða um 12% svo og í menningartengdri starfsemi ýmiss konar um 15%. Í ýmis konar þjónustustarfsemi fækkaði um 8% og 9% í byggingariðnaði svo og í öðrum iðnaði.


Hins vegar fjölgaði atvinnulausum í farþegaflutningum eða um 13% frá ágúst.

Þessi fjöldi samsvarar um 11,8% atvinnuleysi meðal erlendra ríkisborgara. Hlutfall erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá var um 40% í september.



Flestir almennir atvinnuleitendur með erlendan ríkisborgararétt komu frá Póllandi eða 1.989 sem er um 48% allra erlendra ríkisborgara á atvinnuleysissskrá. Því næst koma Litháar, Lettar, Rúmenar og Spánverjar en færri af öðrum þjóðernum.

Fjöldi atvinnulausra erlendra ríkisborgara skipt eftir þjóðerni í lok sept. 2021




Atvinnuleyfi, erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Atvinnuleyfi

Í september gaf Vinnumálastofnun út 225 atvinnuleyfi til erlendra ríkisborgara til að starfa hér á landi þar af 183 á höfuðborgarsvæðinu. Af útgefnum leyfum voru 130 til nýrra erlendra ríkisborgara á íslenskum vinnumarkaði og 95 leyfi voru framlengd.

Flestir sem fengu útgefið atvinnuleyfi í september hvort sem var nýtt eða framlengt fengu sérfræðileyfi eða 58 leyfi. Þá voru gefin út 48 námsmannaleyfi og 32 leyfi vegna fjölskyldusameiningar. Þegar atvinnuleyfi eru skoðuð eftir starfsgreinum í september voru flest leyfi gefin út vegna starfa sem krefjast sérfræði- eða sérmenntunar eða 44% og 22% vegna þjónustustarfa. Um 15% voru vegna starfa verkafólks. Um 19% starfa voru í öðrum starfsgreinum.

Ný atvinnuleyfi eftir tegund í september 2021



Erlend þjónustufyrirtæki og starfsmannaleigur

Samkvæmt skráningu til Vinnumálastofnunar voru 32 erlend þjónustufyrirtæki starfandi í september 2021 með samtals 238 starfsmenn.

Þá voru starfsmenn starfsmannaleiga, innlendra og erlendra samtals 473 í september á vegum 18 starfsmannaleiga. Flestir starfsmenn starfsmannaleiga komu frá Póllandi eða 53%, 22% frá Litháen og 12% frá Lettlandi. Þeir sem eftir standa eða um 13% starfsmanna komu frá átta öðrum ríkjum.


Atvinnuleit og vinnumiðlun

Flutningur atvinnuleysis-tryggingaréttinda milli Íslands og EES-ríkja

Atvinnuleitendur á Íslandi hafa þann möguleika að geta farið í atvinnuleit innan annars EES-ríkis í allt að þrjá mánuði og halda atvinnuleysisbótum sínum, fái þeir útgefið svokallað U2 vottorð sem Vinnumálastofnun hefur umsýslu með. Í september voru gefin út 75 slík

vottorð til einstaklinga sem fóru í atvinnuleit til Evrópu. Flestir fóru í atvinnuleit til Póllands eða 33 einstaklingar, átta fóru til Portúgal og sjö til Spánar. Þá voru gefin út 27 vottorð til viðbótar til 15 annarra ríkja.

Útgefin U2 vottorð vegna atvinnuleitar í öðru EES ríki, september 2021



Einstaklingar sem hafa unnið á Íslandi hafa einnig þann möguleika að óska eftir staðfestingu á atvinnuleysis-tryggingu sinni með það að markmiði að flytja hana til annars EES-ríkis. Í slíkum tilvikum sækja þeir um U1 vottorð. Í september voru gefin út 32 slík vottorð. Flest vottorðin voru gefin út til Póllands, eða 15 vottorð og fimm vottorð voru gefin út til Litháen. Þau sem eftir standa, eða 12 vottorð, voru gefin út til átta annarra ríkja.

Vinnumiðlun

Auglýst störf í vinnumiðlun í september

Alls komu inn 709 ný störf sem auglýst voru í vinnumiðlun hjá Vinnumálastofnun í september. Um fjölbreytt störf var að ræða, flest störfin voru stjórnunar og sérfræðistörf eða 201 starf. Flest auglýstra starfa eru átaksverkefni eða reynsluráðningar eða um 89%, önnur teljast almenn störf. Um það bil 56% starfanna eru á höfuðborgarsvæðinu, 15% á Suðurnesjum og 10% á Suðurlandi. Þá eru 19% annars staðar á landinu.

Um 450 ráðningarsamningar voru gerðir í september í atakinu Hefjum störf. Hægt er að skoða fjölda auglýstra starfa og ráðningar í atakinu Hefjum störf ef smellt er á eftirfarandi hlekk:

<https://vinnumalastofnun.is/maelabord-og-tolulegar-upplýsingar/maelabord-hefjum-storf>

Auglýst störf eftir starfsstétt	Fjöldi	Hlutfall
Stjórnunar- /sérfræði- /skrifstofustörf	201	28%
Þjónustustörf	160	23%
Afgreiðslustörf	65	9%
Iðnaðarmenn	123	17%
Verkafólk í þjónustu	156	22%
Verkafólk í iðnaði, landb. o.fl.	4	1%
Samtals	709	100%

öllum atvinnuleitendum til boða. Þar má nefna starfsleitarnámskeið, ferilskrárgerð, markmiðasetningu og sjálfstyrkingu. Þá fóru 266 einstaklingar á ýmiss konar námskeið. Í flestum tilvikum var þar um að ræða íslenskunámskeið. Þá voru 208 einstaklingar skráðir í lengra nám á framhalds- eða háskólastigi og 332 einstaklingar voru skráðir í úrræðið. Nám er tækifæri þar sem atvinnuleitendum býðst að stunda fullt nám á atvinnuleysisbótum í eina önn.


Atvinnuleitendur hafa haft möguleika á að vinna að þróun eigin viðskiptahugmynda með aðstoð ráðgjafar og handleiðslu til þess að skapa sér starf til framtíðar. Í september unnu 27 einstaklingar að slíkri hugmynd. Þá voru 5.762 einstaklingar í starfstengdum vinnumarkaðsúrræðum, flestir á ráðningarstyrk innan fyrirtækja og stofnana.

Þátttaka í vinnumarkaðsúrræðum

Einn hluti vinnumarkaðsaðgerða er að bjóða atvinnuleitendum upp á fundi, námskeið, námsleiðir, endurhæfingu og önnur úrræði sem eru til þess fallin að styrkja stöðu atvinnuleitandans í atvinnuleit sinni. Vinnumálastofnun leggur mikla áherslu á að halda fólki í virkni enda sýna rannsóknir fram á mikilvægi þess. Allar þjónustuskrifstofur Vinnumálastofnunar bjóða upp á námskeið af ýmsum toga í samstarfi við símenntunarstöðvar og aðra námskeiðshaldara. Þá stendur atvinnuleitendum til boða að taka þátt í þjálfun og frumkvöðlastarfi innan fyrirtækja eða stofnana og fara af skrá í allt að sex mánuði á meðan á úrræðinu stendur.

Í september tóku 7.029 einstaklingar þátt í hinum ýmsu úrræðum. Um 375 einstaklingar fóru í ýmiss konar grunnúrræði. Grunnúrræði eru stutt úrræði sem standa

Þátttaka í námskeiðum og úrræðum í september 2021



Ítarlegri upplýsingar um atvinnuleysi og þróun þess má finna á vefsíðu okkar:

Mælaborðið sýnir atvinnuleysistölur út frá ýmsum þáttum 2 ár aftur í tímann, þar sem sjá má á myndrænan hátt samanburð eftir bakgrunni s.s. kyni, aldri og sveitarfélögum.

Excelskjöl með tölulegum upplýsingum yfir lengri tímabil, ítarlega niður brotið eftir bakgrunnspáttum.

Pdf skjöl fylgja mánaðarskýrslu og auðvelt er að prenta út. Þar er að finna samanburð við fyrri mánuð og sama mánuð fyrir ári síðan, brotið niður m.a. eftir kyni og aldri.

Hér er að finna upplýsingar um mælingu á skráðu atvinnuleysi og aðrar forsendur fyrir tölum